

Sp.

3. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð fyrir rafveitur á Snæfellsnesi og í Suður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán fyrir eftir taldar rafveitur:

1. Fyrir Ólafsvík og Sand, allt að 1½ millj. króna.
2. Fyrir Stykkishólm, allt að 1 millj. króna.
3. Fyrir Húsavíkurkaupþún, allt að 700 þús. króna.
4. Fyrir Múla- og Grenjaðarstaðabyggðarhverfi við Laxárfossa, allt að 75 þús. króna.

G r e i n a r g e r ð .

Haustið 1940 fór fram rannsókn á virkjunarskilyrðum við Fossá, skammt frá Ólafsvík, í því skyni að sannprófa, hvort unnt væri að bæta úr rafmagnsbörf íbúanna á Sandi og í Ólafsvík frá því fallvatni. Rannsóknin leiddi í ljós, að öll aðstaða við Fossá var mjög hentug til virkjunar fyrir þessi tvö kaupþún. Hafa hreppsbúar á Sandi og í Ólafsvík sent nefndir til tveggja undan genginna þinga til að leita eftir ríkisábyrgð vegna þessarar virkjunar. Þykir þeim málstaður sinn því betri, þar sem þessi kaupþún eru nálega hin einu á landinu, sem vantar algerlega raforku, en íbúar á Sandi og Ólafsvík eru nú nálega 1000 að tölu. Frystihús eru í báðum þessum kaupþúnum, og þarfnast þau mikillar orku. Mundu þau standa straum af verulegum hluta virkjunarkostnaðarins. Auk þess mundi annar iðnaður fylgja í kjölfar þessa hins fyrsta iðnaðar. Eftir útreikningum, sem rafmagnseftirlit ríkisins hefur gert, mundi þetta fyrirtæki bera sig vel.

Stykkishólmur hefur einnig góða og örugga aðstöðu til virkjunar við á, sem fellur nokkru fyrir sunnan kaupþúnið, skammt frá Helgafelli. Eiga við þá virkjun öll sömu rök og fram hafa verið færð um Ólafsvík og Sand.

Húsavík er eitt hið blómlegasta kaupþún Norðurlands. Það býr við ónóga raforku úr smáa, sem rennur gegnum þorpið. Hafa Húsavíkingar ákveðið að auka stórlega rafmagnsframleiðslu kaupþúnsins, annaðhvort með samkomulagi við Akureyri, sem líklegt er að takist, eða með sérstakri virkjun. Búið er við, að Húsavík þyrfti að taka a. m. k. 700 þús. kr. lán, hvor leiðin sem farin er.

Svo að segja rétt hjá stöð Akureyrarbæjar við Laxárfossa eru tvö byggðarhverfi, þar sem túnin ná saman. Eru hverfi þessi frá fornu fari kennd við stórbýlin Múla og Grenjaðarstaði. Bændurnir á þessum jörðum hafa myndað félag til að koma á sameiginlegri rafveitu. Skilyrðin eru hin beztu, svo að þau eru nálega hvergi betri í sveit hér á landi. Væri vel farið að gera nú þegar tilraun um að raflýsa og rafhita eitt byggðarhverfi á Íslandi, meðan unnið er að undirbúningi stórfelldra rafveituframkvæmda vegna allra heimila á landinu.